

## Fundargerð 289. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

**Verkefni: 289. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn 3. desember 2019 í Háskólanum í Reykjavík.**

### Efni fundar:

- Fréttir af fagráðsfundi
- Kick off fundur í janúar
- Trello: Staða verkefna
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí og áætlun 2020
- Önnur mál

<b>Dags.fundar:</b> 3.desember 2019	<b>Tími:</b> 11:45-13:00	<b>Nr. fundar:</b> 289
<b>Fundarboðari:</b> AÓG	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> Háskólinn í Reykjavík

**Viðstaddir:** Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Ásdís Erla Jónsdóttir, Berglind Björk Hreinsdóttir, Gunnhildur Arnardóttir, Kristján Geir Gunnarsson og Sigríður Harðardóttir

**Fjarverandi:** Guðjón Örn Helgason, Guðný Halla Hauksdóttir, Ingi Björn Sigurðsson, Jón Gunnar Borgþórsson

**Gestir:**

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

- **Fréttir af fagráðsfundi.**
  - Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Stjórnvísí funduðu með fagráði félagsins þann 27.nóvember sl. á Vox. Samkvæmt 9.gr.laga Stjórnvísí er hlutverk fagráðsins fyrst og fremst að vera ráðgefandi fyrir stjórn félagsins varðandi stefnumótandi áherslur og að taka þátt í að efla ímynd og orðspor Stjórnvísí. Jafnframt að vera félaginu innan handar varðandi faglega stjórnunarþekkingu og aðstoð við einstök verkefni. Tímasetning þessa fundar var einstaklega góð því daginn áður var fyrsti fundur haldinn í stefnumörkun félagsins 2020-2025. Sá fundur var haldinn á Grand hótél og bauðst öllum félögum að taka þátt, 30 mættu. Nýtt var aðferðafræði þjónustuhönnunar (e.design thinking) sem Fjóla María Ágústdóttir leiddi. Næsti stefnumótunarfundur verður í janúar og sá þriðji í febrúar.
  - Helstu punktar og ráð frá fagráði voru eftirfarandi:
    - Halda áfram að leggja frekari áherslu á tengslamyndun, þar liggja tækifærin
    - Halda áfram að þróa mælaborð, það eykur gagnsæi

- NPS skor verði mælt eftir hvern fund og sett fram í mælaborði
  - Halda æðstu stjórnendum vel upplýstum um tilgang Stjórnvísí
  - Stjórnvísí nýtur mikils traust sbr. Verkefnið að veita viðurkenningu fyrirtækjum sem eru með Góða stjórnarhætti
  - Frábært að streyma fundum
  - Styrkleiki félagsins er fjölbreytni
  - Gaman að sjá fundi bókaða fram í tímann á dagskráni
  - Fjölbreytni er styrkleiki félagsins
  - Hafa fundarboð/form skýrara þ.e. útbúa nýtt útfyllingarform
  - Frábært að sjá þá miklu endurmótun sem er í gangi og að félagið er stöðugt að bæta sig.
  - Kostnaðarmódel félagsins er jákvætt og ekki fráhrindandi.
- Stjórn ræddi helstu punkta frá fagráði sem búið er að setja inn í Trello borð stjórnar. Hvers vegna á t.d. að vera að mæla NPS skor? Hvernig veriður það nýtt? Hver verða viðmið og viðbrögð við mælingum? o.m.fl.
- **Kick off fundur í janúar**
    - Nýársfagnaður stjórna faghópa Stjórnvísí verður að þessu sinni í Marel. Boðið verður upp á léttar veitingar og gefst félögum tækifæri til að spjalla saman og eiga góða stund. Á kick off fundi faghópanna í lok ágúst komu fram góðar umbótahugmyndir og mun Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir formaður stjórnar fara örstutt yfir hvernig unnið hefur verið úr þeim. Út frá þeim umbótahugmyndum þá fengum við frábæran fyrirlesara, hana Ragnhildi Ágústdóttur með erindið: „HJÁLPI MÉR! HVERNIG Á ÉG AÐ NÁ UTAN UM ÞETTA ALLT? – nýjar vinnuaðferðir og tengslamyndun í nútíma samfélagi
  - **Trello:** Farið var yfir stöðu verkefna í Trello borði stjórnar Stjórnvísí.
  - **Fréttir af faghópum.** Nýlega voru endurýjaðar þrjú stjórnir í faghópum félagsins en þetta eru faghópar um heilsueflandi vinnuumhverfi, upplýsingaöryggi og góða stjórnarhætti. Allar stjórnirnar eru fjölmennar og verður spennandi að fylgjast með dagskrá þeirra eftir áramót. Fjöldi funda er bókaður í desember og dagskráin orðin nokkuð þétt í janúar 2020.
  - **Fjárhagsstaða Stjórnvísí og áætlun 2020.**
    - Lögð var fram áætlun félagsins fyrir árið 2020 sem gerir ráð fyrir tekjuafgangi upp á 1,5milljón króna ásamt tillögu um hækkun á launalið til verktaka sem sér um framkvæmdastjórn í ljósi þess að mikil fjölgun fyrirtækja, félaga og funda er í félaginu. Bæði áætlun og hækkun til verktaka var samþykkt.
  - **Önnur mál**
    - Önnur mál voru rædd lítillega m.a. GDPR vinnslusamningar sem allir eiga að vera tilbúnir í desember 2019.